



Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v / Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 16. apríl 1996

EFNI: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Meinatæknafélagi Íslands hefur borist frumvarpið til umsagnar frá félagmálanefnd Alþingis.

Félagið vill gera nokkrar athugasemdir en vísar einnig í athugasemdir Bandalags háskólamanna.

Meinatæknafélag Íslands mótmælir því að með lagasetningu er gripið inn í skipulag stéttarféлага og ákveðið með lögum hvernig félögin taka ákvarðanir um afgreiðslu kjarasamninga og ákvörðun um boðun verkfalls til að knýja á um kjarabætur. Hliðstætt ákvæði í núgildandi lögum var byggt á samkomulagi við stéttarfélögin.

Meinatæknafélag Íslands telur að vissulega geti það verið árangursríkt að gera viðræðuáætlun og þannig hægt að sjá fyrir að einhverju leyti gang viðræðna en félagið telur það mjög alvarlegt að ef ekki næst samkomulag skuli sáttasemjari ákveða viðræðuáætlunina jafnvel þvert gegn vilja viðkomandi stéttarfélags.

Meinatæknafélag Íslands bendir á að við gerð kjarasamninga á opinberum markaði virðast áhrif Vinnuveitendasambandsins vera allmikil og því geti það haft áhrif á gang viðræðna hjá félagi eins og Meinatæknafélagi Íslands jafnvel þó það sé ekki aðili að þeim kjarasamningi með ákvörðuninni um viðræðuáætlun (Samningsumboð Meinatæknafélags Íslands vegna félagsmanna sem starfa á almennum markaði hefur ekki verið viðurkennt af aðilum innan Vinnuveitendasambandsins.)

Meinataeknafélag Íslands mótmælir þeirri ætlan, samkvæmt 6. gr. frumvarpsins, að láta telja uppúr einum potti atkvæði um miðlunartillögu sáttasemjara. Með því er verið að svipta stéttarfélög þeim rétti að taka með lýðræðislegum hætti afstöðu til samninga sem um félagsmenn gilda.

Sú meginhugmynd sem liggur að baki þessu frumvarpi að gera alla kjarasamninga eins gerir að engu samningsfrelsi einstakra stéttarfélaga.

Meinataeknafélag Íslands beinir því til háttvirtar félagsmálanefndar að hún leggi til við Alþingi að frumvarpið verði tekið af dagskrá þingsins.

F.h. Meinataeknafélags Íslands

Edda Sóley Óskarsdóttir

Edda Sóley Óskarsdóttir formaður